

Viðey

Velkomin til Viðeyjar.
Eyjan er einn helsti sögustaður landsins og einstök náttúruperla. Þar iðar allt af fuglalífi og nútímalist setur svip sinn á umhverfið. Í Viðeyjarstofu er kaffi- og veitingahús.


Vinsamlega sýnið sérstaka aðgát við háa sjávarhamra.

Sýnum einnig nærgætni í umgengni við eyjuna svo við getum komið og notið hennar aftur og aftur.

Welcome to Viðey.
Unspoiled nature reigns on the island of Viðey, which has a unique place in Icelandic history. Birdlife abounds on the island, while outstanding works of modern art also make their mark. There is a coffehouse and a restaurant in Viðeyjarstofa.

Please take care when walking along the cliffs.

We hope you enjoy your stay and that you help us keep the island the treasurous pearl that it is.



Viðeyjarferjan The Viðey Island Ferry

Sumaráætlun Summer schedule	Daglega Daily
Skarfabakka → Viðey 15. maí – 31. ágúst 15 May – 31 August	
Til To	
10:15 11:15 12:15 13:15 14:15 15:15 16:15 17:15	
Frá From	
12:30 13:30 14:30 15:30 16:30 17:30 18:30	

Gamla höfnin → Viðey 1. júní – 31. ágúst 1 June – 31 August	
Til To	
11:50 14:50	
Frá From	
11:30 14:30 17:30	

Vetraráætlun Winter schedule	Um helgar On Weekends
Skarfabakka → Viðey 1. sept – 14. maí 1 Sept – 14 May	
Til To	
13:15 14:15 15:15	
Frá From	
14:30 15:30 16:30	

f @videyreykjavik Elding +354 519 5000
@videyisland Viðey +354 411 6360

www.borgarsogusafn.is
www.reykjavikcitymuseum.is



Fuglar í Viðey
Birds of Viðey



Plöntur í Viðey
Plants of Viðey

- 3 Áhugaverðir staðir
Points of interest
- Menningarmerkingar
Historical Marks
- Akfærir stígar
Roads
- Greiðfærir stígar
Easy footpaths
- Ógreiðfærir stígar
Difficult footpaths
- Meðal göngutími milli punkta
Average walking time between points indicated

1 **VIÐEYJARSTOFA OG VIÐEYJARKIRKJA**
Viðeyjarstofa er eitt elsta hús landsins og fyrsta steinhúsið sem reist var á Íslandi. Var hún byggð á árunum 1752–1755 sem embættisbústaður Skúla Magnússonar nýskipaðs landfógeta. Kostaði Danakonungur framkvæmdina og hirðarkitekt hans, Nicolai Eigtved, teiknaði húsið í rókókóstíl. Stofan var bústaður valdamestu manna landsins um margra áratuga skeið. Má þar m.a. nefna Ólaf Stephensen, fyrsta íslenska stiftamtmanninn, og son hans Magnús Stephensen konferensráð og dómstjóra. Skúli Magnússon lét reisa Viðeyjar-kirkju og var hún vígð árið 1774. Viðeyjarkirkja er næstelsta kirkja landsins á eftir Hóladómkirkju. Inn-réttingar Viðeyjarkirkju eru uppruna-legar og þær elstu á landinu.

2 **FRIDARSÚLAN**
Friðarsúlan í Viðey er verk mynd-listar- og tónlistarkonunnar og friðarsinnans Yoko Ono og er hugsuð sem leiðarljós fyrir heimsfrið. Verkið er í formi óskabrunns sem upp úr stígur há og mikil ljóssúla. Orðin „Hugsa sér frið“ eru grafin í brunninn á 24 tungumálum. Verkið er tileinkað minningu John Lennons og ár hvert lýsir Friðarsúlan frá fæðingardegi hans 9. október fram að dánardægri 8. desember. Einnig er kveikt á ljósinu á vetrarsólstöðum, á gamlársdag og á jafndægri að vori.

3 **VIÐEYJARNAUST**
Viðeyjarnaust er einfaldur skáli með stórum kolagrillum fyrir utan. Aðstaðan er öllum opin yfir sumartímann. Fyrir stærri veislur og hópa er hægt að leigja skálann sérstaklega. Lokað almenningi á veturna.

4 **AKKERIÐ OG HJALLASKER**
Í aftakaveðri 7. apríl 1906 á siglingu til Reykjavíkur, steytti kúttur Ingvar á Hjallaskeri við strönd Viðeyjar. Öll áhöfn Ingvars först, alls 20 manns. Varð slysið hvati að stofnun Slysavarnafélags Íslands sem seinna aðstoðaði Viðeyingafélagið við að reisa minnismerki á slysstað, en það er akkeri sem talið er úr Ingvari.

5 **EIÐIÐ**
Talið er að eyjarnar hafi upphaflega verið tvær, Vesturey og Heimaey, en Eiðið tengir þær saman. Sjór gengur yfir Eiðið á stórstraumsflóði og í mikilli veðurhæð og telja jarðfræðingar að það muni eyðast og hverfa með tímanum.

6 **STÓRATJÖRN OG GARÐURINN**
Stóratjörn er mjög háð úrkomu og í þurrkatið þornar hún nánast alveg upp. Við tjörnina eru leifar hlaðins garðs sem náð hefur þvert yfir Eiðið, vætanlega til að halda búpeningi frá túnunum á Heimaey.

7 **ÁFANGAR RICHARD SERRA**
Listaverk Richard Serra, Áfangar, myndar hring um Vesturey og liggur göngustígur meðfram þeim. Í góðu skyggni er einkar gaman að ganga á milli súlnanna, staldra við og velta fyrir sér hvaða atriði úr sjón-deildarhringnum listamaðurinn hugsaði sér að þær ættu að ramma inn. Er það Hallgrímskirkja, Engey, Snæfellsjökull eða kannski Esjan?

8 **ÁLETRADIR STEINAR**
Á þremur stöðum á Vesturey má finna steina með áletrunum. Miserfitt er að finna þá en í því getur einmitt falist dulúð þeirra og skemmtun.

9 **TUNDURSPILLIRINN SKEENA**
Þann 24. október 1944 varð annað sjóslys við Viðey. Þá leitaði kanadíski tundurspillirinn Skeena vars á milli Engeyjar og Viðeyjar en skipið strandaði við Helguhól vestast á eyjunni. Nokkrum klukkustundum síðar hafði áhöfn bandaríks inn-rásarpramma, undir stjórn Einars

Sigurðssonar skipstjóra bjargað 198 skipverjum í land í Viðey í stærstu flug-línubjörgun á Íslandi, en 15 fórust.

10 **ÞORPIÐ**
Enn sjást rústir húsanna í þorpi Milljónafélagsins. Litið stendur eftir af þeim nema hlaðnir grunnarnir. Saga húsanna er rakin stuttlega á fræðsluskiltum sem standa við húsgrunnana.

11 **VATNSTANKURINN**
Milljónafélagið lét reisa vatnstankinn árið 1908 og tók hann um 150 tonn af vatni. Skip félagsins fylltu þar á fersk-vatnstanka sína. Á áttunda áratug 20. aldar var vatnstankinum breytt í félagsheimili Viðeyingafélagsins, en það er félag brottfluttra Viðeyinga og afkomenda þeirra.

12 **SKÓLINN**
Skólahúsið var reist árið 1928. Í skóla-húsinu er sýning um náttúruna í Viðey og mannlífið í eyjunni á fyrri hluta 20. aldar. Skólinn stendur öllum gestum opin á sumrin, lokað á veturna.

13 **ÞÓRSNES**
Þórsnes er talið vera blótstaður úr heiðnum sið. Í upphafi landnáms var nesið mun stærra, en nú hefur það látið á sjá vegna landbrots og fyrir fáeinum árum var hlaðinn garður því til varnar.

14 **PARADÍSARHELLIR OG RÉTTIN**
Syðst í hólunum er lítill hellir, sem kallast Paradís. Steinsnar frá hellinum er náttúruleg rétt með klettaveggjum á báðar hliðar en grjóthleðslu fyrir endanum.

15 **KVENNAGÖNGUHÓLAR**
Það er trú manna að hér búi álfkonur og eru til sagnir um það bæði frá 19. og 20. öld. Ekki er vitað með vissu af hverju nafn hólanna er dregið. Hugsanlegt er að einhver hafi þóst sjá álfkonur ganga í hólinn. Á Kvenna-gönguhólum er Mariulikneski sem sett var upp árið 2000 til minningar um 1000 ára kristnitöku á Íslandi. María mey var verndardýrlingur Viðeyjarklausturs.

16 **TÚNGARÐUR SKÚLA**
Skúli Magnússon lét reisa garð sem liggur yfir þvera eyjuna og sjást leifar af honum austan Skúlahóls, í túninu. Garðurinn gæti þó verið enn eldri, því stórbúskapur var í eyjunni á klausturtímanum og garður sem þessi nauðsynlegur til að halda búpeningi frá túnunum.

17 **HELJARKINN OG SKÚLAHÓLL**
Heljarkinn kallast klettaveggurinn skammt austan við Viðeyjarstofu. Segja má að Heljarkinn sé framhliðin á Skúlahól en þar ris Viðey hæst, eða 32 m. yfir sjávarmáli. Hóllinn dregur nafn sitt af minnismerki um Skúla Magnússon sem þar var reist árið 1911 er 200 ár voru liðin frá fæðingu hans. Nálægt minnismerkinu er útsýnisskífa.

18 **TÓBAKSLAUT**
Á vinstri hönd, ef gengið er upp á Skúlahól frá Viðeyjarstofu, er lítill klettaveggur og fyrir framan hann er Tóbakslaut, þar sem Skúli Magnússon reyndi tóbaksrækt með litlum árangri.

19 **HESTHÚS**
Við Hesthúsið eru tvö kolagrill og nestisbekkir, einnig er hægt að setjast þar inn ef veður er vont. Þar er einnig aðgangur að rennandi vatni.

1 **VIÐEY HOUSE AND VIÐEY CHURCH**
Viðey House, the first building constructed of stone in Iceland, is one of the country’s oldest buildings. It was built in 1752–1755 as the official residence of Treasurer Skúli Magnússon, at the expense of the King of Denmark and Iceland, and designed in the rococo style by his court

architect, Nicolai Eigtved. Viðey House was for many decades the home of some of Iceland’s most powerful men, such as Ólafur Stephensen, the first Icelander to serve as Governor, and his son Magnús Stephensen, president of the High Court.

Viðey Church was built for Treasurer Skúli Magnússon and consecrated in 1774. One of Iceland’s oldest churches, it still has its original interior fittings, which are the oldest in the country.

2 **IMAGINE PEACE TOWER**
The IMAGINE PEACE TOWER is a work of art conceived by the legendary artist, musician and peace advocate Yoko Ono as a beacon to world peace. The work is in the form of a wishing well from which a strong and tall tower of light emerges. The words ‘Imagine Peace’ are inscribed on the well in 24 world languages. The artwork is dedicated to the memory of John Lennon and every year the IMAGINE PEACE TOWER will emerge between October 9th, Lennon’s birthday, and December 8th, the day of his death. In addition the IMAGINE PEACE TOWER will emanate on winter solstice, New Year’s Eve and during the first week of spring.

3 **VIÐEYJARNAUST CABIN**
Viðeyjarnaust cabin is a barbecue lodge open to everyone during summer time. The facilities are available for rent for larger events and private functions. Closed in winter.

4 **ANCHOR AND HJALLASKER**
In a violent storm on April 7th 1906 the cutter Ingvar ran aground on Hjallasker reef, off the shore of Viðey Island, where it was battered to pieces by the gale and the waves. The crew of twenty men were all lost. The tragic accident led to the foundation of Slysavarnafélag Íslands (the Life-Saving Association),which later assisted the Viðey Association in erecting a memorial to those who died in the wreck: an anchor believed to be that of the Ingvar.

5 **THE ISTHMUS**
The Isthmus is the narrow neck of land which connects the two parts of the island, West Island and Home Island, which were probably formed separately. The Isthmus was formed by shingle gradually building up between the two islands. The sea now sometimes washes over the Isthmus in certain weather conditions.

6 **THE BIG POND AND FIELD-WALL**
The Big Pond, is dependent upon precipitation, and in dry weather conditions it dries up almost completely. Alongside the pond are remnants of a wall which was built right across The Isthmus presumably to keep grazing livestock off the hayfields on Home Island.

7 **RICHARD SERRA'S MILESTONES**
Richards Serra’s artwork, Milestones is placed around West Island. A footpath leads between the pairs of columnar basalt pillars inviting the visitor to walk around the island, “framing” the landscape or cityscape between each different set of pillars.

8 **INSCRIBED STONES**
In three places on West Island are rocks with inscriptions cut into them. They may be hard to find, and perhaps they were never meant to be discovered? Search and you will find.

9 **SKEENA**
On October 24th 1944 another ship was wrecked off Viðey Island. The Canadian destroyer Skeena took shelter in the sound between the islands of Engey and Viðey. In the raging winds the ship dragged her anchor, and before

the crew could take any action she ran aground at Helguhóll, at the western end of the island. Several hours later the remaining crew were rescued by the crew of a US landing-craft, under the command of Icelandic sea captain Einar Sigurðsson. A total of 198 men were saved, in the largest rescue operation in Icelandic history using a throwline. Fifteen lives were lost.

10 **THE VILLAGE**
When the “Million Corporation” fishing company was founded in the early 20th century, a village grew up at the eastern end of the island. Little now remains but the foundations of the houses; information signs by each house site tell the story of the vanished village.

11 **WATER TANK**
The water tank, installed by the “Million Corporation” in 1908, held 150 tons of water for supplying ships in harbour. In the 1970’s Viðeyingafélagið, an association of former islanders and their descendants, converted the tank into a clubhouse.

12 **SCHOOLHOUSE**
The schoolhouse was built in 1928. Inside is a photographic exhibition on life on the island in the first half of the 20th century. Opening hours at the schoolhouse are coordinated with the schedule of the Viðey ferry.

13 **THOR’S HEADLAND**
Thor’s Headland may derive its name from the Old Norse religion; perhaps the Old Icelanders made sacrifice here to the god Thor. The headland was much larger at the time of the settlement (around 900 AD), and it has been heavily eroded by the sea.

14 **PARADISE CAVE AND SHEEP PEN**
At the south of Women’s Hiking Hills is a small cave named Paradise Cave. Adjacent to the cave is a natural sheep-pen, formed by rock walls on both sides, closed by a man-made stone wall.

15 **WOMEN’S HIKING HILLS**
The origin of the name is unknown but folklore has it that someone saw fairies enter the hills. Some believe that fairies still live there.

16 **SKÚLI’S FIELD-WALL**
In the field at the east of Skúli’s field-wall, remnants are visible of a field-wall which lies across the whole island, reputed to date from the time of Treasurer Skúli Magnússon. It may, however, be far older: at the time of the Viðey monastery (1225–1539), large-scale farming took place on the island, and the wall would have been required, in order to keep grazing livestock out of the hay-fields.

17 **DEATH SLOPE AND SKÚLI’S HILL**
Death Slope is the cliff just east of Viðey House. It is one side of Skúli’s Hill, the highest part of Viðey Island, 32 m above sea level. The hill derives its name from a monument to Treasurer Skúli Magnússon, known as the Father of Reykjavík. The monument was erected in 1911, on the bicentenary of his birth; nearby is a viewing disc.

18 **TOBACCO PATCH**
The footpath from Viðey House up onto Skúli’s Hill leads past a small rock wall on the left; in front of it is a patch of ground where Skúli Magnússon attempted (without much success) to grow tobacco.

19 **STABLE**
By the Stable, there are picnic benches and two charcoal barbecues that anyone can use. Inside the Stable are more benches as well as running water.